

66
28. des.

5. gr.
Upphaf 4. gr. 1. 21/1936, um Háskóla Íslands, orðist svo:
Rektor og forsetar deildanna 6 eiga sæti í háskólaráði.

6. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Brynjólfur Bjarnason.

67
28. des.

L Ö G
um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:
Hafi enn fremur 3 ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfégeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri o. s. frv.

2. gr.
Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 5 9. marz 1944.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Finnur Jónsson.

68
28. des.

HAFNARLÖG
fyrir Ólafsfjörð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.
Til hafnargerðar í Ólafsfirði veitast úr ríkissjóði $\frac{2}{3}$ kostnaðar eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1000000 — einni milljón króna —, gegn $\frac{1}{3}$ frá hafnarsjóði Ólafsfjarðar.